



# **Niðurstöður eftirlits með flutningi úrgangs á milli landa 2020**

## 1. Inngangur

Í eftirlitsáætlun um flutning úrgangs milli landa 2018-2020 kemur fram að Umhverfisstofnun muni árlega taka saman skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður þess. Framkvæmd eftirlitsins er í samræmi við framkvæmdaáætlun sem er vinnuskjal stofnunarinnar. Í eftirlitsáætluninni koma fram þær skyldur sem stofnunin hefur varðandi eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og eru þær eftirfarandi:

- Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa
- Tilkynna skal inn- og útflutning spilliefna og úrgangs sem fer til förgunar
- Útflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Í framkvæmdaáætlun er lagt mat á ofangreinda þætti og settar fram áherslur sem byggja á yfirliti yfir flutning úrgangs árána 2012-2016, sem notaðar voru til að forgangsraða eftirliti með flutningi úrgangs milli landa. Önnur atriði við forgangsröðun eftirlitsins byggja á eftirlitsniðurstöðum fyrri ára, sem og eftirlitsniðurstöðum og eftirlitsáherslum á Evrópuvettvangi.

## 2. Niðurstöður eftirlits

Framkvæmd og skipulag eftirlits var sett fram í framkvæmdaráætlun fyrir eftirlitstímabilið 2020. Eftirlit var framkvæmt hjá 12 úrgangsmeðhöndlunaraðilum. Eftirfarandi eru niðurstöður eftirlits Umhverfisstofnunar árið 2020.

*Tafla 1: Listi yfir eftirlitsþega ársins 2020.*

---

Alcoa Fjarðaál sf.  
E.E. Export ehf.  
Endurvinnslan hf.  
Flokka ehf.  
Fura ehf.  
Hringrás hf.  
Málmaendurvinnslan ehf.  
Málmar ehf.  
SORPA bs.  
Terra Efnaeyðing hf.  
Terra umhverfisþjónusta hf.  
Vélvík ehf

---

## 2.1. Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa

Samkvæmt 2. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa er óheimilt að flytja hættulegan úrgang og úrgang til förgunar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL) um flutning úrgangs milli landa.

Eftirlitið byggði á ársyfirliti frá Tollakerfi Skattsins þar sem farið var yfir allar sendingar úrgangs sem sendar voru til landa utan OECD ákvörðunarinnar. Upplýsingar um sendingarnar voru rýndar með það að markmiði að ákvarða hvort líklegt væri að um hættulegan úrgang eða úrgang til förgunar væri að ræða miðað við þau tollskránúmer og lýsingar sem gefnar voru upp í tollskýrslu.

Alls voru 10 sendingar úrgangs sendar út til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD á eftirlitstímabilinu. Miðað við tollskránúmer úrgangsins og sendingaraðila, var úrgangurinn endurvinnsluefni, en ekki hættulegur úrgangur eða úrgangur til förgunar og því var flutningurinn ekki brot á reglum.

Engin frávik komu því fram í eftirliti með þessum hluta árið 2020.

Á síðast liðnum þremur árum hefur ekki komið fram útflutningur á hættulegum úrgangi eða úrgangi til förgunar úrgangi til landa utan OECD. Á bilinu 3 - 10 sendingar endurvinnsluefna hafa komið fram árlega til landa utan OECD í eftirliti Umhverfisstofnunar, en slíkur flutningur heimill. Engin frávik komu því fram í eftirliti með þessum hluta á sl. þremur árum.

## 2.2. Skylt er að tilkynna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs sem fer til förgunar

Umhverfisstofnun sér um leyfisveitingu vegna inn- og útflutnings hættulegs úrgangs og úrgangs til förgunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006. Leyfi eru yfirleitt gefin út til eins árs í senn og getur fjöldi sendinga undir hverju leyfi verið á bilinu 1 – 30.000.

Á eftirlitstímabilinu hafði stofnunin eftirlit með þeim rekstraraðila sem var með flest virk leyfi gefin út af stofnuninni. Vegna sóttvarnareglna fór aðeins einn eftirlitsaði á vegum stofnunarinnar í mengunareftirlit og eftirlit með úrgangsstraumum hjá fyrirtækinu. Í kjölfarið var rafrænn fundur og eftirlit með þökkun og flutningi á úrganginum undir hverju leyfi var gerð með skjalaskoðun og yfirferð á myndum af úrganginum og frágangi hans.

Alls voru skoðaðir 4 gámar á tímabilinu og athugað var sérstaklega hvort úrgangur væri í samræmi við flokkun samkvæmt samþykktri tilkynningu um flutning hættulegs úrgangs milli landa. Engin frávik komu fram í eftirliti með þessum hluta árið 2020.

Umhverfisstofnun fékk á árinu tilkynningu um grun um brot á reglum um flutning úrgangs milli landa. Um var að ræða skip Eimskipafélags Íslands hf. sem fóru til endurvinnslu á Indlandi. Málið er í rannsókn hjá íslenskum stjórnvöldum.

Á undanförunum þremur árum hafa engin frávik komið fram við eftirlit við gámaskoðun á hættulegum úrgangi en Umhverfisstofnun hefur komið með ábendingar um lýsingar á útflutningsskjölum og tollskrá.

### 2.3. Útflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)

Samkvæmt reglugerð 1013/2006 á útfyllt Annex VII eyðublað að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til endurnýtingar.

Umhverfisstofnun hafði eftirlit með öllum útflutningi úrgangs yfir eins mánaðar tímabil. Alls var óskað eftir nánari upplýsingum frá útflytjendum um 75 sendingar undir hinum ýmsu úrgangsflokkum (tafla 2). Í skjalaeftirliti kom í ljós að skjöl reyndust almennt rétt út fyllt, en í einstaka tilfalli var gerð athugasemd við tollskrárnúmer. Í engu tilfalli vantaði sérstakt eyðublað vegna flutnings úrgangs til endurnýtingar (Annex VII) með sendingunum.

Á undanförunum þremur árum hefur tilfellum þar sem Annex VII vantaði með flutningi endurvinnslufna milli landa fækkað jafnt og þétt. Árið 2018 voru frávikin 20, árið 2019 voru þau 8 og engin frávik voru árið 2020.

Tafla 2: Tollskrárnúmer, fjöldi sendinga og magn af úrgangi sem fluttur var úr landi til endurnýtingar og haft var eftirlit með á árinu.

Tollskrárnúmer	Gerð úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3915	Plastúrgangur	13	674.412
4004	Gúmmúrgangur	1	28.790
4707.9000	Endurheimtur pappír eða pappi	20	987.398
7112	Góðmálmaúrgangur	1	3.825
7204	Járnúrgangur	26	2.892.002
7602	Álúrgangur	12	176.745
7802	Blýúrgangur	2	5.018
	<b>Samtals:</b>	<b>75</b>	<b>4.768.190</b>

Ef frávik koma upp er undirstrikað við útflytjanda að ólöglegt er að senda út úrgang án sérstaks eyðublaðs (Annex VII) og þeim í kjölfarið leiðbeint um útfyllingu þess ef um fyrsta frávik er að ræða.

#### **2.4. Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)**

Samkvæmt reglugerð nr. 1013/2006 á Annex VII á að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til landsins til endurnýtingar.

Stofnunin hefur samráð við tollgæsluna, sem hefur eftirlit með þeim sendingum sem endurspeгла þau tollskrárnúmer sem líklegt þykir að innihaldi aðallega úrgang.

Árið 2020 voru engar ólöglegar sendingarnar af úrgangi voru stöðvaðar við landamæraeftirlit hjá tollgæslunni.

#### **2.5. Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa**

Ekki var haft eftirlit með þessum þætti á eftirlitstímabilinu.

### **3. Ályktanir**

Samkvæmt niðurstöðunum sem raktar voru hér að framan var haft eftirlit með alls 75 sendingum af úrgangi sem fluttar voru úr landi á eftirlitsárinu. Engin frávik komu í ljós í eftirliti ársins 2020. Þó er eitt mál sem kom upp á árinu um grun um brot á reglum varðandi útflutning skipa til endurvinnslu. Það mál er enn í rannsókn hjá íslenskum stjórnvöldum.

Á undanförunum þremur árum hafa ekki komið fram alvarleg frávik eða ólöglegir flutningar á úrgangi til eða frá landinu. Á sama tíma hefur frávikum fækkað verulega þar sem vantar þartilgert fylgiskjal (Annex VII) með útflutningi úrgangs sem bendir til þess að eftirlitið hafi skilað sér í aukinni þekkingu úrgangsmeðhöndlunaraðila með skyldum er tengjast útflutningi endurvinnsluefna.

Einnig hefur eftirlitið gefið stofnuninni færi á að gera athugasemdir við og upplýsa um hvernig hægt sé að gera betur þegar kemur að tollskrárflokkun og lýsingu og kóðun á úrgangsflokkum.

## Heimildir

Ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL). <https://actionguide.info/m/pubs/531/>

List of OECD Member countries - Ratification of the Convention on the OECD.

<https://www.oecd.org/about/document/list-oecd-member-countries.htm>

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa.